

Fundargerð

Stjórnafundur Skólaskrifstofu Austurlands var haldinn miðvikudaginn 02. maí 2012 kl. 10:00 á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs á Egilsstöðum.

Mættir voru: Björn Ingimarsson, Vilhjálmur Jónsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, formaður stjórnar, Gauti Jóhannesson, Páll Baldursson, Þorsteinn Steinsson og Gunnar Ragnar Jónsson (með umboð) í forföllum Páls Björgvins Guðmundssonar. Einnig sat fundinn Sigurbjörn Marinósson, forstöðumaður.

Dagskrá:

- 1. Málefni fatlaðs fólks (Gestur: HP starfsm. B-deildar SKA)**
- 2. Framtíðarskipulag SKA**
- 3. Önnur mál**

Gunnþórunn stjórnaði fundi og bauð fundarmenn og gest fundarins velkominn.

1. Málefni fatlaðs fólks

Helga Þórarinsdóttir (HP)starfsmaður B-deildar SKA sat þennan lið. Fjallað var um það þegar einstaklingur með SIS-mat (4. - 12. fl.) flyst milli þjónustusvæða. Samkv. upplýsingum sem HP hefur aflað frá Sigurði Helgasyni og Hólmsfríði Sveinsdóttur hjá Stjórnháttum, berst fjármagn ekki strax við flutninginn. Fjármagn til þjónustusvæða á árinu 2012 er byggt á upplýsingum ársins 2010. Því er ekki hægt að reikna með að fjármagn vegna einstaklings sem flyst inn á svæðið í ár, berist að fullu fyrr en árið 2014. Samt sem áður á þessi tiltekni einstaklingur sama rétt til þjónustu á við aðra, en mat á þörf hans ákvarðar hversu framarlega í forgangsröðunina hann raðast.

Forstöðumanni falið að semja bréf til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Sambands íslenskar sveitarfélaga. Í bréfinu verði vakin athygli á hversu seinvirkt kerfið er og hnykk á því að settar verði skýrar og skilvirkar reglur um að greiðslur berist fyrr til réttra þjónustusvæða þegar einstaklingar flytjast á milli.

Einnig rætt lítillega um breytingakostnað og önnur atrið rædd s.s. fjárframlög í og úr Jöfnunarsjóði.

Helgu þökkun koman og vék hún af fundi.

2. Framtíðarskipulag SKA

Björn Ingimarsson gerði grein fyrir vinnu vinnuhóps á Fljótsdalshéraði síðast liðið vor, um leiðir til að efla samhæfa og heildstæða þjónustu fjölskyldusviðs Fljótsdalshéraðs og framkvæmd sérfræðiþjónustu hjá nokkrum stofnunum. Greinargerð með minnispunktunum vinnuhópsins hafði verið vísað inn í framkvæmdastjórn SKA til kynningar og með beiðni um viðbrögð Skólaskrifstofu (SKA) við þeim hugmyndum.

Sigurbjörn lagði fram greinargerð SKA með viðbrögðum við minnispunktunum og frekari upplýsingar um starfsemi SKA, með þeirri ósk að stjórnarmenn kynni sér greinargerðina vel.

Nokkrar umræður urðu um framhald málsins og voru menn sammála um að kynna greinargerðirnar í fræðslunefndum og að framkvæmdastjórn fjalli áfram um málið og ákveði næstu skref.

Forstöðumanni falið að senda greinargerðirnar út til sveitarfélaga í tölvupósti.

3. Önnur mál

1. Stjórn SKA mælir með því að forstöðumanni verði veitt heimild til að ráða sálfræðing til SKA, tímabundið í gegnum verkefnið „Vinnandi vegur“, en atvinnurekendur eiga kost á styrk með ráðningu nýrra starfsmanna, ef verkefnið hlýtur afgreiðslu fyrir lok maí. Ráðningin er hugsuð til 12 mánaða, frá hausti, sem tilraun til að ná niður biðlistum eftir sálfræðipjónustu fyrir börn og ungmenni.

Óskað er eftir að sveitarstjórnir takið erindið til afgreiðslu, því ekki er gert ráð fyrir ráðningunni innan fjárheimilda SKA.

2. Skólamál, almenn umræða varð um skólamál, m.a. um kennararáðningar sem ganga vel, en færri stöður virðast lausar en oft áður. Forstöðumaður minnti á ákvæði grunnskólalaga vegna ráðninga sbr. 11. grein.
3. Stjórn SKA heimilar forstöðumanni að gera samning um rekstrarleigu vegna endurnýjunar á tölvubúnaði skrifstofunnar. Samningurinn verður til 4 ára og er að upphæð allt að einni milljón. Hluti þessa árs rúmast innan fjárhagsáætlunar.
4. Forstöðumaður kynnti bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 18. apríl sl. um túlkun á skiptingu skóladaga milli kennsludaga og annarra skóladaga.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:55.

Sigurbjörn Marinósson, ritaði fundargerð.